

REGLUGERÐ

75

22. maí

fyrir bændaskólana að Hólum og Hvanneyri.

I. KAFLI

Tilgangur skólanna og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændaeftum hagnýta þekkingu í búnaði.

2. gr.

Skólarnir starfa í tveim deildum, yngri og eldri deild, þá skal setja 15. október ár hvert. Námstíminn er þrjú misseri, tveir vetur og eitt sumar. Eigi skal segja skólanum upp fyrr en 15. apríl. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer ekki fram 1. desember. Auk þess getur skólastjóri fellt niður kennslu, allt að einum degi í senn, þegar sérstaklega stendur á.

Heimilt er að taka nemendur í skólana til ársdvalar, ef þeir hafa aflað sér bóklegrar þekkingar annars staðar er samsvari a. m. k. námi yngri deildar. Ef betur þykir henta, skulu þessir nemendur koma að skólanum að vorinu til.

II. KAFLI

Inntaka og inntökuskilyrði.

3. gr.

Skrifleg beiðni um inntöku í skólana skal send skólastjórunum fyrir lok ágúst-mánaðar ár hvert. Skólastjórar veita inntöku í skólana og svara umsækjendum.

4. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólana eru þessi:

1. að umsækjandi sé fullra 18 ára. — Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með;
2. að hann hafi unnið minnst eitt ár við landbúnað eftir fermingu;
3. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi;
4. að hann hafi ábyrgð fullveðja manns fyrir allri greiðslu á þeim kostnaði, er stafar af dvöl hans í skólanum. — Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu skilyrði.

III. KAFLI

Stjórn og fyrirkomulag.

5. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirumsjón skólanna. Það skipar skólastjóra og einnig kennara skólanna í samráði við skólastjóra.

6. gr.

Skólastjórar hafa á hendi umsjón og stjórn hvors skólans um sig. Þeir skulu og annast reikningshald skólanna og aðra bókfærslu. Reikningsár skólanna er al-

75 manaksárið. Skulu reikningar sendir fjármálaráðuneytinu fyrir lok febrúarmán-
22. maí aðar ár hvert. Skólastjórar skulu annað hvert ár láta prenta skólaskýrslur.

7. gr.

Nemendur fá ókeypis í skólunum: kennslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita.

IV. KAFLI

Kennsla.

A. Bókleg kennsla.

8. gr.

Kennsla fari fram í fyrirlesturum og yfirheyrslum eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Einnig skulu þeir ákveða um skrifleg úrlausnarefni, sem lögð eru fyrir nemendum.

9. gr.

Kennslu í hinum einstöku námsgreinum skal hagað sem hér segir:

1. *Íslenska*: Aðalmarkmið kennslunnar er, að nemendur læri að lesa íslenskt mál áheyrilega og rita það rétt. Einnig skal vekja áhuga þeirra á því bezta í bókmenntum þjóðarinnar.
2. *Stærðfræði*:
 - a. *Reikningur*: Kenna skal almannan reikning, prósentureikning og jöfnur.
 - b. *Flatar- og rúmmálsfræði*: Skýra skal algengustu flatar- og rúmmálsmyndir og kenna að reikna út flatarmál þeirra og rúmmál.
3. *Reikningshald*: Kenna skal notkun búreikningaforma og skýra helztu tekju- og gjaldaliði landbúnaðarins.
4. *Þjóðfélagsfræði*: Skýra skal helztu grundvallaratriði í fyrirkomulagi og stjórn þjóðfélagsins.
5. *Búnaðarhagfræði*: Skýra skal frá, hvaða grundvallarskilyrði þurfa að vera fyrir hendi, til að hægt sé að reka búskap, og á hvern hátt unnt er að láta hinar einstöku búgreinar gefa arð við misjöfn skilyrði.
6. *Búnaðarsaga*: Kenna skal ágrip af búnaðar- og verzlunarsögu þjóðarinnar.
7. *Landbúnaðarlöggjöf*: Skýringar á helztu lögum og reglugerðum, sem varða landbúnað okkar.
8. *Búnaðarlandafræði*: Áherzla skal lögð á lýsingu Íslands, landbúnað og hagi þeirra þjóða, er hafa þýðingu fyrir viðskipti Íslendinga.
9. *Grasfræði*: Í henni skal kennt hið helzta um byggingu, eðli og þroskaskilyrði jurt. Nemendur skulu læra að þekkja helztu jurtir, er skipta máli fyrir íslenskan landbúnað.
10. *Eðlisfræði*: Mest áherzla sé lögð á afl- og raffræði.
11. *Efnafræði*: Nemendur skulu fá fræðslu um hin helztu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Megináherzlu skal þó leggja á fræðslu um þau efni, sem þýðingu hafa fyrir jurtir og dýr.
12. *Steina- og jarðfræði*: Kenna skal ágrip af almennti jarðfræði, leggja þó aðaláherzlu á jarðmyndun og bergtegundir Íslands.
13. *Lífærafræði*: Aðallega skal skýra fyrir nemendum byggingu og störf líffæra búfjárins.
14. *Búfjárfræði*: Kenna skal rækilega um allar búfjártegundir okkar, kynbætur þeirra, uppeldi, meðferð og fóðrun; einnig algengustu búfjársjúkdóma og meðferð þeirra.

15. *Mjólkurfræði*: Skýra skal fyrir nemendum eðli mjólkur, efnasamsetningu, meðferð, mjaltir og fitumælingar. 75
16. *Arfgengisfræði*: Skýra skal helztu lögmál arfgengis og kynbóta, jurta og dýra. 22. maí
17. *Jarðræktarfræði*: Kenna skal almenna jarðyrkjufraði, um áburð, framræzlu vatnsveitingar, grasrækt og ræktunartilraunir; ennfremur garðyrkjufraði, verkfærafræði og undirstöðuatriði í skógrækt.
18. *Leikfimi*: Nemendur skulu iðka líkamsæfingar, er miða að því að gera líkama þeirra hraustan og liðugan.
19. *Búsmiðar*: Nemendum skal kenna búsmíði, svo sem skeifna- og aktyggjasmíði. Einnig skulu þeir læra að nota algengustu trésmíðaáhöld og smíða úr tré, eftir því sem tími vinnst til, og læra undirstöðuatriði steinsteypugerðar.

10. gr.

Á hverju námstímabili skulu nemendur fara undir leiðsögn kennara eina eða fleiri ferðir til fyrirmyndarþúa eftir ákvæðum skólastjóra.

Styrk til slíkra ferða skal veita af fé skólanna.

B. Verklep kennsla.

11. gr.

Kenna skal nemendum hagnýtustu vinnuaðferðir landbúnaðarins, sem þekktar eru á hverjum tíma. Nemendur skulu og fá tilsögn í notkun, meðferð og hirðingu þeirra véla og verkfæra, sem notaðar eru við bústörfin; enn fremur í húsa-gerð, ef ástæður leyfa. Nemendum ber að taka þátt í þeim störfum, sem unnin eru á skólabúinu, og fá þeir kennslu í öllu því helzta, sem að jarðyrkju lýtur, garðrækt, sáningu nytjajurta, hirðingu þeirra yfir vaxtartímann og uppskeru. Ennfremur skulu nemendur eiga kost á að fá tilsögn í meðferð dráttarvéla eftir því sem ástæður leyfa.

Hver nemandi skal vinna viku til hálfan mánuð við hirðingu hvernar búfjartegundar undir leiðsögn kennara.

Nemendur skulu færa dagbók um dagleg störf, þar sem tekið sé fram, hvað unnið er daglega og hvernig vinnan er framkvæmd í aðaldráttum. Vinnan miðast við 10 stunda vinnudag.

Á verknámstímabilinu skulu nemendur hafa 6 daga sumarleyfi.

12. gr.

Þeir nemendur, sem eru vinnufærir, fá fyrir vinnu sína á skólabúunum upphæð, er svarar fæðis- og þjónustukostnaði þeirra árlangt. Auk þess fá nemendur, sem ljúka námi, 100 kr. úr ríkissjóði.

13. gr.

Þeim nemendum, sem vegna heimilisástæðna geta ekki dvalizt frá heimilum sínum yfir heyskapartímann, má veita undanþágu frá verklega náminu um sláttinn, og greiði þeir þá dvalarkostnað sinn síðari námsveturinn.

14. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundum eða í vinnu í verklegu námi, ber skólastjóra að áminna hann. Og ef það ber ekki árangur, skal honum vísað burtu úr skólanum.

V. KAFLI

Próf og vitnisburðir.

15. gr.

Nemendum er skylt að ganga undir próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru, nema söng og smíðum.

16. gr.

Nú getur nemandi ekki gengið undir próf sökum veikinda eða annara gildra forfalla, og getur skólastjóri þá leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma. Geti nemandi ekki stundað leikfimi sakir líkamlegrar vanheilsu og þess vegna ekki gengið undir próf í henni, getur skólastjóri veitt undanþágu frá því, þó því að eins, að viðkomandi nemandi leggi fram vottorð um vanheilsu sína frá lækni skólans.

17. gr.

Kennarar prófa hver í sinni námsgrein og ákveða, hvort úrlausnarefnin skuli vera munnleg, skrifleg eða hvorttveggja. Einkunnir skal gefa fyrir frammistöðu nemendanna, sbr. 18. og 20. gr. Tekið skal tillit til einkunna frá vetrarprófunum við einkunnargjöfina.

18. gr.

Próf í stærðfræði sé skriflegt. Skulu gefnar 2 einkunnir, önnur fyrir reikning og hin fyrir flatar- og rúmmálsfræði. Í jarðræktar- og búfjárfræði er prófið bæði munnlegt og skriflegt. Skulu sérstakar einkunnir gefnar fyrir hvort um sig í hvorri grein. Próf í íslenzku sé skriflegt og munnlegt. Meðaltalið gildir sem ein einkunn. Í öðrum greinum er prófið munnlegt eða skriflegt eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Eftirtaldir námsgreinir skulu lagðar saman tvær og tvær til einnar einkunnar þannig að einkunnir verði fjórar:

1. Búreikningar og hagfræði.
2. Mjólkurfræði og arfgengisfræði.
3. Steinafræði og búnaðarsaga.
4. Þjóðfélagsfræði og landafræði.

Í verklegu skulu gefnar þessar einkunnir:

- a. fyrir dugnað,
- b. — framræslu,
- c. — jarðvinnslu,
- d. — dreifing sáðvöru og áburðar,
- e. — garðrækt,
- f. — dagbókarfærslu.

19. gr.

Við skrifleg próf skal ætla 2—4 stundir til úrlausnar verkefna eftir ákvörðun kennara. Noti nemendur óleyfileg hjálpargögn við próf, veiti eða þiggi hjálp, hafa þeir fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

20. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum, frá 1—10 í heilum tölum og tíundu hlutum. Gefa skal einkunina 0 fyrir afleita frammistöðu, og fellir hún sbr. 21. gr.

21. gr.

Fullnaðareinkunn er meðaltal allra samantaldra einkunna. Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans ekki vera lægri en 5,00. Þó stenzst enginn próf, er fengið hefir 0 í einni grein eða 1 í fleiri greinum en einni. Kennarar skulu í sameiningu gefa nemendum einkunn fyrir hegðun.

Fullnaðareinkunnirnar	9,00—10,00	teljast ágætiseinkunn
—	7,25— 8,99	I. einkunn
—	6,00— 7,24	II. —
—	5,00— 5,99	III. —

75

22. maí

22. gr.

Að afloknu námi skal afhenda nemendum þeim, sem standast prófin, prófskirteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn. Þeim nemendum, sem ljúka ekki námi og ganga ekki undir próf, skal afhenda vottorð með skýringum á ástæðum þeim, er til þess eru, að viðkomandi hefir ekki lokið námi.

Einkunnir og vottorð nemenda skulu birt í skólaskýrslum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 13. janúar 1938 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

76

23. maí

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Fnjóskár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Fnjóskár. Heimili þess og varnarþing er á Skógum í Fnjóskadal.

2. gr.

Markmið félagsins er, að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxrækt,
2. að selja stangarveiði á leigu eða reka laxveiði fyrir alla félagsmenn, sam-eiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Fnjóská og öllum ám er í hana falla. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum, en þær eru: Þverá, Þúfa, Vestari-Krókar, Austari-Krókar, Garður, Ytri-Hóll, Litli-Hóll, Syðri-Hóll, Böðvarsnes, Végeirsstaðir, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Fornastaðir, Sigríðarstaðir, Birningsstaðir, Háls, Vaglir, Lundur, Þórðarstaðir, Belgsá, Bakki, Bakkasel, Sörlastaðir, Snæbjarnarstaðir, Tunga, Reykir, Hjaltadalur, Selland, Illugastaðir, Kotungsstaðir, Grjótargerði, Fjósatunga, Brúnagerði, Steinkirkja, Veturliðastaðir, Hróastaðir, Skógar, Nes, Ljótsstaðir, Hrisgerði, Viðivellir, Vatnsleysa, Dæli, Grímsgerði, Draflastaðir, Melar, Skuggabjörg, Laufás, Þorsteinsstaðir, Nollur, Sæból, Kljáströnd, Nes, Borgargerði, Miðgerði, Pálsgerði, Litlagerði, Skarð.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.